

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

20. febrúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (auglýsingar), 408. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarp þetta verði að lögum.

Eins og nú háttar er heimilt að auglýsa lausasölulyf en þó ekki í sjónvarpi. Verði frumvarpið að lögum verður ekki gert upp á milli fjölmiðla að þessu leyti.

Mikilvægt er að einstaklingar beri sjálfir eins mikla ábyrgð á eigin heilsu og frekast er unnt. Liður í því er að þeim sé kunnugt um eiginleika lausasölulyfja og í hvaða tilvikum þau gagnast og hvenær ekki. Það getur orðið til þess að draga úr álagi á heilbrigðiskerfið og að fólk geti fengið bót á ýmsum kvillum og einkennum sem ekki krefjast lækni meðferðar. Liður í miðlun upplýsinga á þessu sviði eru kynningar og auglýsingar lyfjafyrirtækja á eigin vörum.

Nauðsynlegt er að ekki sé gert upp á milli fjölmiðla og að eðlileg samkeppni milli þeirra ríki um lyfjauglýsingar sem aðrar. Ekki verður séð að sérstök hættu fylgi auglýsingum í sjónvarpi frekar en útvarpi, vefsíðum, myndböndum á netinu eða í tímaritum svo dæmi séu nefnd.

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður